

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 23. júní kl. 09:03, var haldinn 108. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Marta Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Dóra Björt Guðjónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Ágústa Sveinbjörnsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Petta gerðist:

(E) Samgöngumál

1. Bergstaðastræti stöðubann, tillaga - Mál nr. US210168
USK2021020121

Lögð fram svohljóðandi tillaga skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 14. júní 2021:

Lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að óheimilt verði að leggja í Bergstaðastræti frá gatnamótum við Baldursgötu og 30 metra inn götuna, að lóð nr. 43.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

- Kl. 9:07 tekur Eyþór Laxdal Arnalds sæti á fundinum.

(A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 11. og 16. júní 2021.

3. Breiðholt I, Bakkar, breyting á (04.6) Mál nr. SN200364
deiliskipulagi vegna Arnarbakka

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna Arnarbakka. Breytingin felst í heimild til niðurrifi á núverandi verslunar og þjónustuhúsnaði í Arnarbakka 2-6, uppbyggingu námsmannaíbúða með verslunar- og þjónusturýmum að hluta til á 1. hæð auk íbúðarhúsnaðis á grænni þróunarlóð, gróðurhúss og endurbætur á grænu svæði, samkvæmt uppdr. BASALT arkitekta ehf. dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 26. júní 2020 og samgöngumat Mannvits dagsett 9. júní 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum fulltrúa Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Í Arnarbakka er fyrirhugað að reisa um fyrir 90 íbúðir, jafnt almennar íbúðir sem námsmannaíbúðir í þremur fjölbýlishúsum. Áfram verður gert ráð fyrir þjónustu og verslun á jarðhæð sem mun eflast með fleiri íbúum í nágrenninu. Að auki er ráðgert að koma fyrir matjurtagarði í glerhúsum til almennra nota á svæðinu. Mikilvægt er að huga að því að hjólastæði séu staðsett sem mest á jarðhæðum og við innganga til að tryggja gott aðgengi.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgin keypti gamlan verslunar- og þjónustukjarna við Arnarbakka fyrir þremur árum síðan fyrir hálfan milljarð króna og stóð þá til að „efla hverfiskjarnann við Arnarbakka, bæta þjónustu og standa að samfélagslegri uppbyggingu á reitnum.“ Stefnt var að því að „úrsérgengnir verslunarkjarnar yrðu endurlífgaðir“. Lítið hefur gerst á kjörtímabilinu í þessum efnum. Nú stendur til að rífa þjónustukjarnann sem keyptur var og byggja fjölbýlishús í staðinn. Þó mikil þörf sé fyrir íbúðir í borginni skýtur það skökku við að fallið sé frá upphaflegum áformum um að endurlífga verslunar- þjónustukjarnann og leggja þess í stað höfuðáherslu á íbúðablokkir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Óraunhæf bjartsýni er í gögnum - skýrslunni, sérstaklega um umferð og bílastæði. Sagt er að aðkoma að Arnarbakka 2-4 sé góð og áfram verði hægt að keyra snúningssvæðið við Breiðholtsskóla. Þetta er hæpin fullyrðing því að við uppbyggingu íbúða mun umferð vaxa, (65 stúdentaíbúðir, + 25 venjulegar íbúðir + athafnasvæði í neðstu hæðum) meðfram Breiðholtsskóla. Í gögnum er áætlað að bílferðum fækki um 15% sem er ekki raunhæft? Alls endis óvíst er hvort deilibílanotkun nái flugi hér eins og í erlendum borgum. Einnig er sagt að árið 2019 var hlutfall bílferða 74%, hjóleiða 5%, gangandi 14%, almenningsamgöngur 5% og annað 2%. Með því að fækka bílferðum um 15% fyrir 2040 er áætlað að hlutfall gangandi og hjólandi verði 25%. Er ekki verið að ofátla hér? Byrja þarf á réttum enda t.d. byrja á að gera göngu- og hjólastíga þannig að þeir beri umferð fleiri farartækja og sjá hvort það dragi úr bílanotkun. Ef það gengur vel er alltaf hægt að fækka bílastæðum eftir á. Taka má undir að Arnarbakki 2 og 4 hafi lítið varðveislugildi. Nýta má svæðið mun betur en nú er gert. Almenningsvæði á jarðhæðum og íbúðir á efri hæðum er ágæt stefna en framtíðarspár um umferð verða að vera raunhæfar.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 9:21 tekur Daníel Örn Arnarsson sæti á fundinum.

4. Breiðholt III, Fell, breyting á (04.6) Mál nr. SN200365
deiliskipulagi vegna Völvufells,
Drafnarfells og Eddufells

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts III, Fell vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells. Breytingin felst í heimild til niðurrifs á leikskólunum Litla Holti og Stóra Holti, uppbyggingar nýs leikskóla með aðkomu frá göngugötu við Drafnarfell auk Völvufelli, auk uppbyggingar fyrir námsmannaíbúðir og sérbyli á grænum þróunarlóðum. Einnig eru þegar fengnar byggingaheimildir á lóð Drafnarfells 2-18 ofan verslana og uppbyggingarheimildir á lóð Eddufells 2-4 endurskoðaðar, samkvæmt uppdr. Krads ehf dags. 9. júní 2021. Einnig er lögð fram húsakönnun

Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 13. júlí 2020, samgöngumat Mannvits dags 9. júní 2021 og hljóðskýrsla Mannvits dags. 30. apríl 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir allt að 175 íbúðum, þar með talið námsmannaíbúðum, nýjum raðhúsum næst Suðurfelli, auk þess sem gert er ráð leikskóla. Endurhönnun hverfishlutans gerir ráð fyrir góðum tengingum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur á fyrirbyggjandi stígakerfi ásamt því að gert er ráð fyrir fegrun götunnar Völvufells með gróðursetningu trjáa. Tillögurnar styrkja svæðið að okkar mati og styðja við þá verslun og þjónustu sem fyrir er í Drafnarfelli.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða að endurbæta hluta af Fellahverfinu, Völvufell. Byggingar hafa ekki mikið varðveislugildi og þess vegna er hægt að byggja allt upp að nýju. En hér er, sem og við Arnarbakka gert ráð fyrir samgönguþróun sem ekki er víst að gangi eftir. Veruleg íbúafjölgun verður í Völvufelli ef áætlanir ganga eftir. Í gögnum segir “Vinna skal samgöngumat ef tækifæri eru til að fækka bílastæðum, á - stærri byggingarreitum eða hverfum. - byggingarreitum með blandaðri landnotkun. - , í nágrenni við góðar almennings-samgöngur” „Kortið sýnir einnig 20 mínútna svæði fyrir hjólandi en miðað er við 16,3 km/klst hjólahraða sem er meðalhraði í Kaupmannahöfn“. Hér er gert ráð fyrir að hröð umferð verði á göngustígum, en það er algjörlega óraunhæft nema stígar verði teknir algerlega í gegn. Rangt er að hjólastígar séu góðir og talsvert er í að þeir verði viðunandi. Samanburður við hjólastígakerfið í Kaupmannahöfn á ekki við hér enda það allt annað og betra. Kallað hefur eftir viðgerðum á gangstéttum í hverfinu og var það langalgengasta athugasemdin í þessum málaflokki á íbúafundi í hverfinu. Varasamt er að fækka bílastæðum verulega áður en önnur góð samgöngutækifæri verða til að mati fulltrúa Flokks fólksins. Byrja þarf á réttum enda.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Hraunbær 143, breyting á deiliskipulagi (04.341.2) Mál nr. SN210411
590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
581281-0139 Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Grímu arkitekta ehf. dags. 2. júní 2021, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbær-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að gerður verður byggingarreitur fyrir sorpgerði á lóðinni milli húsa B1 og B3, samkvæmt uppdr. Grímu arkitekta dags. 2. júní 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Starmýri 2, breyting á skilmálum (01.283.0) Mál nr. SN210384
deiliskipulags
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík
680504-2880 PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 20. maí 2021 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Safamýrar - Alftamýrar vegna lóðarinnar nr. 2 við Starmýri. Breytingin felst í því að fækka um eina íbúð í Starmýri 2a og fjölga um eina íbúð í Starmýri 2C. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni verður óbreyttur; 23 íbúðir. Fastanúmerum fækkar úr 7 í 5. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni verður óbreyttur; 23 íbúðir. Fastanúmerum fækkar úr 7 í 5., samkvæmt tillögu KP Arkitekta ehf. dags. 25. maí 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

7. Laugavegur 168-176, nýtt deiliskipulag Mál nr. SN170017
560997-3109 Yrki arkitekta ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu eru lagðir fram að nýju uppdrættir Yrki arkitekta ehf. dags. 1. febrúar 2021. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfsemi og verslun en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Á lóðinni við Laugaveg 176 verður heimilt að rífa bakhús og byggja við núverandi byggingar, sjá nánar tillögu. Einnig er lagt fram minnisblað VSO ráðgjafar dags. 2. júlí 2019. Tillagan var auglýst frá 9. apríl 2021 til og með 26. maí 2021. Eftirtaldir sendur athugasemdir/umsögn: íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. apríl 2021, Local lögmenn f.h. Tannlækninga ehf., Tannheilsu ehf., Laser-Tannlæknastofu ehf og Sigfúsar Haraldssonar dags. 26. maí 2021 og Logos lögmansþjónusta f.h. Vallhólma ehf., Dyrhólma hf og Hraunhólma ehf. dags. 26. maí 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. júní 2021.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt nýrri bílastæðastefnu er eðlilegt að ræða um viðmið frekar en lágmark þegar kemur að bílastæðum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðirnar við Laugaveg 168-176, þar sem gert er ráð fyrir að lóðin Laugavegur 176 verði nýtt undir gististarfsemi og verslun en aðrar lóðir á skipulagssvæðinu eru skilgreindar sem lóðir án heimilda. Íbúaráð og fleiri eru á móti 8-hæða byggingu og var fallið frá því og fara á niður í 7. Hvað sem því líður verður útsýnisskerðing og mjög skiljanlegt að íbúar séu svektir yfir því. Það skiptir vissulega máli hvernig húsin „mjókka upp“ þegar hugað er að skuggamyndum og áhrifum á vind. Inndregnar efri hæðir minnka t.d. slík áhrif. Útsýni er takmörkuð auðlind og afstöðu þarf að taka til hverjir eiga að njóta þess. Kvartanir vegna útsýnisskerðingar eru margar, en eflaust fá einhverjir aðrir betra útsýni. Nokkur vandræðagangur virðist vera í samgöngumálunum, og örðugt að búa til stæði fyrir rútur en nefnd er í gögnum ein lausn á því. Fram kemur í niðurstöðum samgöngumats að 63 bílastæði ættu að vera á lóðinni, þar af 4 fyrir hreyfihamlaða. Hjólasteræði skulu vera á bilinu 62-93. Fleiri hjólasteræði eru en bílastæði sem er athyglisvert.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1118 frá 8. júní 2021 og nr. 1119 frá 15. júní 2021.

9. Kleppsvegur 150-152, Ný tengibygging (13.585.01) Mál nr. BN058893
og endurbygging
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. mars 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tengibyggingu og nýja aðkomu að kjallara, gera nýja útveggi úr álgloggakerfi, breyta innra skipulagi og innrétta 6 deilda leikskóla í húsum nr. 150 og 152 á lóð nr. 150-152 við Kleppsveg. Erindi var grenndarkynnt frá 24. mars 2021 til og með 27. apríl 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Björg Sonde Þráinsdóttir dags. 8. apríl 2021, íbúar og eigendur húsnæðis að Sæviðarsundi 19 dags. 27. apríl 2021 og Marteinn Sindri Svavarsson, Finnur P. Fróðason og Anton Sigurðsson dags. 27. apríl 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. júní 2021.

Frestað.

(D) Ýmis mál

10. Fegrunarviðurkenningar Mál nr. SN210449
Reykjavíkurborgar 2021, skipan fulltrúa í
vinnuhóp

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa, dags. 15. júní 2021, að skipan fulltrúa í vinnuhóp sem gerir tillögu að fegrunarviðurkenningum fyrir endurbætur á eldri húsum og fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna árið 2021.

Samþykkt að skipa Sólveigu Sigurðardóttur og Ölmú Sigurðardóttur í vinnuhóp fyrir endurbætur á eldri húsum og Ólaf Melsted og Pétur Andreas Maack í vinnuhóp fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður bókað um „fegrunarviðurkenningar“ og fyrirkomulag í því sambandi. Fulltrúi Flokks fólksins telur að leggja eigi áherslu á að dreifa vali á viðurkenningarhöfum meira en lenska hefur verið að einblína helst á ákveðinn miðsvæðishring. Vel má horfa til t.d. Skerjafjarðar, Breiðholts, Árbæ og Grafarvogs ekki síst þegar kemur að vali fyrir fallegar og vel skipulagðar lóðir þjónustu, og stofnana og fjölbýlishúsa, auk sumargatna. Á það skal bent að víða í úthverfum borgarinnar er einnig verið að endurgera og endurnýja hús sem hefðu vel getað komið til greina við ákvörðun á fegrunarviðurkenningu borgarinnar. Einnig mætti vel fjölga þessum viðurkenningum þar sem enginn kostnaður felst í því nema kannski að kaupa blómvönd. Að veita viðurkenningu af þessu tagi er hvatning fyrir fólk og ekki ætti endilega að leggja áherslu á að húsin hafi einhverja sérstaka sögu eða flokkist undir einhvern frægan byggingarstíl. Hugmynd Flokks fólksins sem hér er lögð fram í bókun er að velja mætti eitt hús í hverju hverfi til að veita viðurkenningu.

11. Reykjavíkurvegur 31B, kæra 69/2021 (06.355) Mál nr. SN210432
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 28. maí 2021 ásamt kæru dags. 27. maí 2021 þar sem kærð er staðfesting borgarráðs á synjun skipulags- og samgönguráðs frá 5. maí 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 31 við Reykjavíkurveg.

12. Úlfarsbraut 6-8, kæra 139/2020, (02.698.4) Mál nr. SN200795
afturköllun kæru
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 22. desember 2020 ásamt kæru dags. 22. desember 2020 þar sem kærð er ákvörðun um útgáfu nýs byggingarleyfis sem samþykkt var 21. júlí 2020 vegna byggingar parhúss að Úlfarsbraut 6-8. Einnig er lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 9. júní 2021 vegna afturköllunar kæru.

13. Bergstaðastræti 37, kæra 1/2021, umsögn, (01.184.4) Mál nr. SN210022
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. janúar 2021 ásamt kæru dags. 12. janúar 2021 þar sem kærð er samþykkt byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 22. desember 2020 á byggingarleyfisumsókn frá Hótel Holt Hausti ehf. um áður gerða loftstokka upp úr þaki hússins á lóð nr. 37 við Bergstaðastræti og að byggja yfir þá. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 3. mars 2021. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 8. júní 2021. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 22. desember 2020 um að samþykkja reyndarteikningar fyrir áður gerðum loftstokkum upp úr þaki bakbyggingar fasteignarinnar Bergstaðastrætis 37.

14. Urðarbrunnur 16, breyting á deiliskipulagi (05.056.2) Mál nr. SN200779
520520-1200 VG Verk og bygg ehf., Gerðarbrunni 14, 113 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. júní 2021 vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun skipulags- og samgönguráðs frá 26. maí 2021 á breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 16 við Urðarbrunn.

15. Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04, (01.0) Mál nr. SN200626
breyting á deiliskipulagi
080455-5269 Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri
430317-0910 Vesturbugt ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
680504-2880 PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gamla höfnin vegna reita 03 og 04.

16. Laugardalur, breyting á deiliskipulagi (01.39) Mál nr. SN210331

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 3. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu að tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna íþróttamannvirkja á svæði austan Laugardalsvallar.

17. Hverfisskipulag, Breiðholt 6.1 Neðra (06.1) Mál nr. SN160263
Breiðholt, tillaga

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að hverfisskipulagi Breiðholts, hverfi 6.1 Neðra Breiðholt.

18. HverfisSKIPulag, Breiðholt 6.2 (06.2) Mál nr. SN160264
Seljahverfi, tillaga
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að hverfisSKIPulagi Breiðholts, hverfi 6.2 Seljahverfi.
19. HverfisSKIPulag, Breiðholt 6.3 Efra (06.3) Mál nr. SN160265
Breiðholt, tillaga
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að hverfisSKIPulagi Breiðholts, hverfi 6.3 Efra Breiðholt.
20. HverfisSKIPulag - leiðbeiningar, Mál nr. SN180716
leiðbeiningar
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingum á leiðbeiningu hverfisSKIPulags um fjölgun íbúða.
21. Sægarðar 1 og 3, breyting á deiliskipulagi (01.33) Mál nr. SN200616
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 10. júní 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar norðan Vatnagarða vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Sægarða.
22. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um Mál nr. US210023
aðkomu að iðnaðarhverfi á Flötunum í
Grafarvogi, umsögn - USK2021020111
- Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 16. júní 2021.
- Lagt fram og afgreiðslu tillögu frestað.
23. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210087
um samráð vegna framkvæmda við
Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg,
umsögn - USK2021040054
- Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunnar, dags. 16. júní 2021.
- Lagt fram.
24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Mál nr. US210130
fólksins, um hljóðvist, umsögn -
USK2021060001
- Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunnar, dags. 16. júní 2021.
- Lagt fram.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lagður er fram listi yfir styrkveitingar til að bæta hljóðvist með glerskiptum. Fulltrúi Flokks fólksins er ekki viss um að fólk sem býr við hávaða vegna umferðar á götu sem það býr við viti almennt um að samfélagið tekur þátt í kostnaði við að bæta hljóðvist. Að búa í gömlum

grónum hverfum hefur bæði galla og kosti. Þeir sem kaupa gömul hús vita að þau eru ekki eins vel einangruð og ný hús. Augljóst er hvaða hús eru við umferðargötur. Ekkert á að koma á óvart. Í hverfum í uppbyggingu er hins vegar erfiðara að sjá allt fyrir. Fulltrúa Flokks fólksins finnst mikilvægt að styrkur sem þessi renni til margra en ekki fárra þótt um lægri upphæðir verði þá að ræða. Það er auk þess mat fulltrúa Flokks fólksins að svona styrki eigi að tekjutengja. Þeir sem hafa efni á glerskiptum eiga að fjármagna það sjálfir en hjálpa á frekar hinum efnaminni sem hafa engin önnur ráð en að leita eftir styrkjum með vandamál af þessu tagi. Miðað við 65 desíbela jafngildishávaðastig yfir sólarhringinn má búast við að við fjölda húsa víðsvegar í borginni sé hávaði.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi innkaupamál Mál nr. US210150

Innkaupamál á þessu og síðasta kjörtímabili hafa verið ein samfelld hneisa. Borgaryfirvöld hafa ítrekað virt lög og reglur um opinber innkaup að vettugi og gengið til samninga án þess að útboð fari fram. Þá er rétt að minna á það að þótt útboðsskylda verði aðeins virk fari samningur yfir ákveðin fjárhæðarmörk þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að borgin bjóði út minni verk. Útboð eru til þess fallin að auka traust almennings á stjórnvöld og leiða gjarnan til sparnaðar fyrir borgina. Engu að síður hefur sitjandi meirihluti ítrekað farið á svig við lög um opinber innkaup og gengið beint til samninga við einkaaðila. Þetta sáum við þegar borgin keypti ljósastýringu án undangengins útboðs og orka er keypt án útboðs. Við munum vel hversu lítið eftirlit var með endurgerð Braggans í Nauthólsvík. Verkið fór langt umfram kostnaðaráætlanir. Þar voru meira og minna öll verk og öll þjónusta keypt án undangengins útboðs. Sitjandi meirihluti virðist ekki nýta útboð við að leita að hagstæðu verði. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvers vegna?

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirspurnir eru mikilvæg tæki fyrir kjörna fulltrúa til að kalla eftir upplýsingum úr stjórnkerfinu. Fyrirspurnin sem um ræðir inniheldur hins vegar fyrst og fremst fullyrðingar um illan ásetning sem ekki fást staðist en engar beinar óskir um upplýsingar sem stjórnvöld Reykjavíkurborgar gæti brugðist við. Eðlilegt er ræða árangur, sýn og ábyrgð í innkaupa og útboðsmálum réttast er að gera það á vettvangi borgarstjórnar þar sem kjörnir fulltrúar geta skipst á skoðunum á opnum vettvangi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram spurninguna um hvernig stæði á því að endrum og sinnum kæmu mál upp á yfirborðið þar sem borgin hefur ekki virt lög og reglur um opinber innkaup. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta með ólíkindum vegna sögunnar og er skemmst að minnast braggamálsins og fleiri mál. Fyrirspurninni er svarað með bókun sem felur í sér snuprur til fulltrúa Flokks fólksins fyrir að spyrja með þessum hætti. Haldi þetta áfram að endurtaka sig hvað þá? Eiga fulltrúar minnihlutans bara að láta það eiga sig, minnast ekki á neitt eða láta sem ekkert sé? Fátt virðist hafa dugað, oft er búið að ræða þessi mál og sagt er að skert hafi verið á reglum en engu að síður eru reglur brotnar. Aftur er minnt á að þótt útboðsskylda verði aðeins virk fari samningur yfir ákveðin fjárhæðarmörk þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að borgin bjóði út minni verk.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi Káratorg Mál nr. US210159

Óskað er svara við spurningunum um áætlaðan kostnað við Káratorg og af hverju er þetta verkefni nú í forgangi nú í stað þess að bíða betri tíma.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, varðandi Mjódd Mál nr. US210158

Fyrirspurn um hraðahindrun í Mjódd. Nú á að malbika í Mjóddinni. Búið að fjarlægja kodda sem eru til að hægja á umferð. Í staðinn fyrir að setja þá aftur niður spyr fulltrúi Flokks fólksins hvort ekki er hægt að setja upp hraðamyndavélar? Hvað kostar að setja koddana aftur niður? Það skal tekið fram að koddarnir eru að skemma hjólabúnaðinn að framan á bílum, veldur óvenjulegu sliti.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

28. Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og pírata, leggja fram svohljóðandi tillögu: Mál nr. US210177

Tillaga fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata um að leyfa hjólaumferð í báðar áttir í völdum einstefnugötum

Skipulags- og samgönguráð felur skrifstofu samgöngustjórar og borgarhönnunar að gera tillögu um að heimila að hjóla á móti einstefnu á völdum stöðum í borginni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Frestað

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210178

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar þrýsti á Vegagerðina og óski eftir viðræðum hið fyrsta um að breikka Breiðholtsbraut frá Jafnaseli að Rauðavatni. Þessi bútur brautarinnar er á annatímum löngu sprunginn, ekki síst síðla fimmtudags og föstudags þegar fólk streymir út úr bænum. Umferðarteppur eru af þeirri stærðargráðu að umferðarteppan nær niður alla Breiðholtsbrautina og situr fólk fast á brautinni í óratíma. Ástandið mun ekki batna þegar að Arnarnesvegurinn mun tengjast Breiðholtsbrautinni. Eðlilegt hefði verið að tvöföldun Breiðholtsbrautar væri gerð á undan tengingu við Arnarnesveg. Þetta ætti að vera algert forgangsmál.

Frestað

**Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 11:01**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Aron Leví Beck

Hjálmar Sveinsson
Eyþór Laxdal Arnalds

Marta Guðjónsdóttir

Katrín Atladóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2021, þriðjudaginn 8. júní kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1118. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Mátsson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Snædís Karlsdóttir Bergmann og Olga Hrund Sverrisdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurbakki 2 (11.198.01) 209357 Mál nr. BN059410

450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu skrifstofur á 4. og 5. hæð í Kalkofnsvegi 2, sem er mhl. 12 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
2. Austurstræti 5 (11.402.12) 100833 Mál nr. BN059377

480173-0159 Drífa ehf., Suðurhrauni 10, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á erindi BN048883 vegna lokaúttektar, sem m.a. felast í að merkja inn eldvarnarvegg, innréttu kompu í starfsmannaaðstöðu og fella út hurð á stigapalli í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 5 við Austurstræti.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
3. Ármúli 38 (12.951.01) 103833 Mál nr. BN059388

Bergljót Rist, Skriðustekkur 4, 109 Reykjavík
Ágústa Jenný Forberg, Klettatún 13, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að breyta notkun hluta atvinnuhúsnaðs í íbúðir í húsi nr. 38 á lóð nr. 38 við Ármúla.
Erindi fylgir umboð eigenda rýmis 02 0202 dags. 1. desember 2020, bréf umsækjenda dags. 18. maí 2021, samþykki meðeigenda dags. 23. apríl 2021 og greinargerð brunahönnuðar dags. 16. maí 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. júní 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2021.
Stækkun er: 12,6 ferm. í formi svala.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2021 og til athugasemda.
4. Árvað 5 (47.311.01) 203628 Mál nr. BN059003

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka eldhús og sal inn í núverandi aflokað rými leikskóladeildar Norðlingaskóla á lóð nr. 5 við Árvað.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Árvað 5 (47.311.01) 203628 Mál nr. BN059205
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir vindbrjótum á suður- og austurhlið og grindverki á lóð nr. 5 Norðlingaskóla við Árvað.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
6. Ásvallagata 60 (11.390.10) 100743 Mál nr. BN059001
Þorvarður Jóhannesson, Noregur, Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu, með snyrtingu í kjallara og stækkun við eldhús og nýrri aðkomu á 1. hæð, við norðvestur hlið einbýlishúss á lóð nr. 60 við Ásvallagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2021.
Stækkun: 20.6 ferm., 100.9 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Baldursgata 24A (11.862.09) 102238 Mál nr. BN059013
Guðrún Margrét Jóhannesdóttir, Baldursgata 24, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að stærðir hafa verið uppfærðar, kalt þak hefur verið byggt ofan eldra þak bakhúss, mhl. 01, og því breytt í íbúðarrými, einnig hefur aðalinngangur verið færður til, stiga í forhúsi og innra skipulagi breytt í íbúðarhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 24A við Baldursgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. apríl 2021.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2021 og húsaskoðun Byggingarfulltrúa dags. 6. maí 2021 og bréf frá hönnuði dags. 15. mars 2021.
Stækkun:
Mhl. 01, íbúðarhús: 7.9 ferm., 12.1 rúmm.
Mhl. 02, bakhús: 13.9 ferm., 42.1 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísad til uppdráttar A101 dags. 15. mars 2021.
8. Bankastræti 2 (11.701.01) 101328 Mál nr. BN059419
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta bakarí og kaffihús, veitingastað í flokki I, teg. E, á 1. hæð í Lækjargötu 3A.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 27. maí 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

9. BÍLDSHÖFÐI 18 (40.650.02) 110672 Mál nr. BN058197
480207-0760 Fasteignafélagið GS ehf, Bíldshöfða 18, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að fjarlægja vegg og fjölga eignarhlutum á 2. hæð í iðnaðarhúsi, mhl. 02, á lóð 18 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir samþykki eiganda dagsett 19. október 2020 og bréf hönnuðar dags. 19. október 2020.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
10. Blikastaðavegur 2-8 (24.961.01) 204782 Mál nr. BN059351
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058983 í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg.
Stækkun: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Boðagrandi 1-7 (15.213.01) 105950 Mál nr. BN059298
410306-1150 Boðagrandi 3-5, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalaskýlum á allar svalir fjölbýlishúss nr. 3-5 á lóð nr. 1-7 við Boðagrandi.
Stækkun á B rými, mhl. 02: 30,5 ferm., 87,4 rúmm.
Mhl. 03: 30,5 ferm., 87,4 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
12. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN058758
450613-2580 Ípaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi í neðri kjallara mhl. 06, fjarlægja m.a. þrjú bílastæði og innrétta líkamsræktarstöð, koma fyrir golfhermi, tæknirými og sorpgeymslu í rýmum -0102, -0103, -0104 og -0112 í atvinnuhúsi við Katrínartún 4, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
13. Borgartún 19 (12.177.01) 102769 Mál nr. BN058759

581008-0150 Arion banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á öllum hæðum nema neðri kjallara, m.a. innréttuð íþróttastaða og búningssklefar í efri kjallara, breytt fyrirkomulag í matsal og breytt fyrirkomulag vinnu- og fundarýma í Arion banka í húsi á lóð nr. 19 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, bréf hönnuðar dags. 26. janúar 2021 og brunahönnun dags. 26. janúar 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Dalbraut 3 (13.500.07) 104125 Mál nr. BN059393

500521-0900 MES clinic ehf., Dalbraut 3, 105 Reykjavík

630768-0129 Grensás ehf, Bolholti 4, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að útbúa snyrtistofu með heilbrigðisþjónustu í hluta af rými 0101 í mhl. 02 ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum, m.a. uppskipting á rými 0101, innréttaðar snyrtingar og ný inngangshurð í húsi á lóð nr. 3 við Dalbraut.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

15. Fagribær 13 (43.515.01) 111147 Mál nr. BN059209

Jóhanna Sigurborg Jafetsdóttir, Fagribær 13, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu á austurgafli einbýlishúss á lóð nr. 13 við Fagrabæ.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. júní 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2021.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: 51,3 ferm., 330,9 rúmm.

Eftir stækkun: 223,1 ferm., 787,9 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

16. Fiskislóð 75-83 (10.871.01) 100006 Mál nr. BN059476

550620-0490 Plantbase Iceland ehf., Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058181 með því að fjarlægja texta um eldvarnargler af teikningum vegna lokaúttektar á 2. hæð í húsi á lóð nr. 81A við Fiskislóð.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

17. Flúðasel 79-95 (49.712.03) 113167 Mál nr. BN059303

630908-0270 Flúðasel 89-91, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja svalalokanir á 16 íbúðir með þar til gerðum glerflekum á brautum, á efstu íbúðirnar er komið fyrir þaki, þannig að þar myndast B rými í fjölbýlishúsi nr. 89-91 á lóð nr. 79-95 við Flúðasel.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. júní 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2021.

Stækkun vegna B rýmis XX ferm., og XX rúmm.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

18. Garðastræti 36 (11.610.10) 101191 Mál nr. BN059420

Gunnar Steinn Gunnarsson, Garðastræti 36, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi, setja svalir með tröppum niður í garð á suðurhlið og útitröppur fjarlægðar á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 36 við Garðastræti.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 25. maí 2021, umsögn burðarvirkishönnuðar dags 20. maí 2021 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

19. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr. BN059173

670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða atvinnu- og fjölbýlishús með geymslu- og bílakjallara, eitt stigahús með lyftu og aðkomu bæði frá garði og götu, alls 41 íbúð mhl. 03 og verður nr. 1B á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Stærð nýbyggingar með kjallara er 4.617,2 ferm, 15.599,6 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð arkitekts dags. 10. apríl 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. Hagamelur 17 (15.420.11) 106365 Mál nr. BN059288

Bjarni Biering Margeirsson, Víðimelur 73, 107 Reykjavík

Charlotte Ó. Jónsdóttir Biering, Víðimelur 73, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg á 1. hæð í húsi á lóð nr. 17 við Hagamel.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 18. maí 2021 og bréf frá hönnuði dags. 3. júní 2021.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Vísað til athugasemda.

21. Hallgerðargata 13 (13.495.01) 225433 Mál nr.
BN059365
551214-0600 105 Miðborg slhf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055918 með því að breyta innra skipulagi og innrétta heilsugæslustöð á 2. hæð verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og skematisk mynd yfir kvöldopnun.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
22. Haukahlíð 5 (16.296.02) 221261 Mál nr.
BN059418
610716-1480 Frostaskjól ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055468 þannig að innra skipulagi íbúðar 0501 er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Haukahlíð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
23. Haukdælabraut 44 (51.146.09) 214802 Mál nr.
BN059119
Marian Sigurðsson, Þorláksgeisli 29, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum, með innbyggðri bílageymslu og aukaíbúð á jarðhæð, úr forsteyptum einingum og með plasteinangrun ofan á steyptri loftaplötu, á lóð nr. 44 við Haukdælabraut.
Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 26. mars 2021.
Stærð: 339,3 ferm., 1.098,8 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
24. Háaleitisbraut 58-60 (12.844.01) 103735 Mál nr.
BN059273
550269-4149 Samband íslenskra kristniboðsf, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058569 þannig að stálsúla kemur í stað steyptrar súlu í miðjum sal á 3. hæð húss á lóð nr. 58-60 við Háaleitisbraut.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
25. Hraunberg 4 (46.740.02) 112202 Mál nr.
BN059441
420497-2109 Apartments and rooms ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með því að gera 5 nýjar íbúðir og koma fyrir svölum í vesturhluta 2. hæðar í atvinnu-og skrifstofuhúsi á lóð nr.4 við Hraunberg.
Erindi fylgir A3 afrit af samþykktum teikningum með stimpli byggingarfulltrúa dags 14. janúar 2003.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

26. Hringbraut 102 (11.392.15) 100780 Mál nr.
BN059204
- Steven Reid Meyers, Hringbraut 102, 101 Reykjavík
Hrönn Sveinsdóttir, Hringbraut 102, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta glugga á norðurgafli í rennihurð og byggja þar svalir með tröppu niður í garð með hjóla- og sorpgeymslu undir á húsi á lóð nr. 102 við Hringbraut.
Erindi fylgir samþykki eiganda húss nr. 100.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.
Vísað til uppráttu 300, 301 dags. 3. júní 2021.
27. Hverfisgata 19 (11.514.10) 101004 Mál nr.
BN059272
- 690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til minni háttar breytinga á innra skipulagi í kjallara, 1. og 3. hæð Þjóðleikhússins á lóð nr. 19 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
28. Hverfisgata 19 (11.514.10) 101004 Mál nr.
BN059442
- 690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja vegg milli búningadeildar og gangs á 2. hæð í Þjóðleikhúsinu á lóð nr. 19 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
29. Hverfisgata 92 (11.740.07) 101563 Mál nr.
BN059230
- 531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052439, þannig að svalir verða forsteyptar, klæðning breytist, sett er inn kvöð um gegnumakstur í bílageymslu, handrið verða úr gleri, gluggum hefur verið breytt og ýmsar breytingar á innra skipulagi í fjölþýlishúsi á lóð nr. 92 við Hverfisgötu.
Erindi fylgir listi yfir breytingar og afrit af eldri samþykkt.
Stækkun frá fyrri samþykkt: xx ferm., xx rúmm.
Stærð eftir breytingar: 4.768,9 ferm., 16.218,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
30. Í Úlfarsfellslandi (97.001.040) 125478 Mál nr.
BN059364
- Hilmar Heiðar Eiríksson, Víðivangur 14, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús úr timbri á lóð nr. L125478 í Úlfarsfellslandi.
Stærð er: 84,2 ferm., 362,4 rúmm.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

31. Jöfursbás 9 (22.206.01) 228388 Mál nr.
BN059396
- 490519-2460 HOFFGB14 ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með risi, að hluta steinsteypt og að hluta úr forsmíðuðum einingum, einangrað að utan og klætt báruðu og sléttu áli, með 14 íbúðum ásamt hjólaskýli sem verða mhl. 01 og mhl. 02 og verður fyrsti áfangi bygginga á lóð nr. 9 við Jöfursbás.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 18. maí 2021 og greinargerð um brunavarnir frá Mannvit dags. 18. maí 2021.
Stærð, mhl. 01, A-rými: 971,1 ferm., 3.466,8 rúmm.
B-rými: 91,3 ferm.
Samtals: 1.062,4 ferm.
Mhl. 02, A-rými: 22,9 ferm., 80,2 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
32. Jörfagrund 54-60 (32.472.002) 225144 Mál nr.
BN059258
- 560321-1980 Jörfahús ehf., Starmóa 17, 800 Selfoss
Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft fjölbýlishús með 13 íbúðum, stálgrindarhús, klætt sementstrefjaplötum á staðsteyptum sökkli og botnplötu á lóð nr. 54-66 við Jörfagrund.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. maí 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2021.
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar ódagsett.
Stærð, A rými: 927,7 ferm., 3.058,3 rúmm.
B rými: 69,4 ferm., 186,2 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
33. Kleppsvegur 150-152 (13.585.01) 104491 Mál nr.
BN058893
- 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tengibyggingu og nýja aðkomu að kjallara, gera nýja útveggi úr álguggakerfi, breyta innra skipulagi og innrétta 6 deilda leikskóla í húsum nr. 150 og 152 á lóð nr. 150-152 við Kleppsveg.
Erindi fylgir minnisblað um burðarvirki frá Ferill, verkfræðistofu dags. 16. febrúar 2021, bréf frá hönnuði dags. 23. febrúar 2021, greinargerð hönnuðar v/endurinnlagnar teikninga dags. 4. maí 2021 og greinargerð brunahönnuðar v/brunaálags í kjallara dags. 5. maí 2021, greinargerð um öryggishönnun dags. 15. mars 2021 og greinargerð um hljóðvist dags. 3. maí 2021.
Stækkun: 276,4 ferm., 1.109 rúmm.
Eftir stækkun: 2.389,4 ferm., 8.351 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
34. Langirimi 21-23 (25.468.03) 175689 Mál nr.
BN059384
- 420497-2109 Apartments and rooms ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skipta upp eign 01 0205 í sjö eignarhluta, breyta notkun og innra skipulagi, setja nýjar svalir á norðaustur, norðvestur og suðaustur hlið og breyta núverandi svölum á norðaustur hlið á húsi nr. 23 á lóð nr. 21-23 við Langarima.
Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 11. janúar 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.

Vísað til athugasemda.

35. Langirimi 21-23 (25.468.03) 175689 Mál nr. BN058908
561299-4129 Columbus Classis ehf., Ægisíðu 70, 107 Reykjavík
